



# Oddeyrarskóli



Starfsáætlun skólaárið

2018-2019



## INNGANGUR

Hér gefur að líta starfsáætlun Oddeyrarskóla fyrir skólaárið 2018-2019.

Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla skal hver skóli birta stefnu sína með tvennum hætti. Annars vegar með almennri stefnumörkun sem birtist í skólanámskrá og hins vegar upplýsingar sem breytast frá ári til árs, birtar í árlegri starfsáætlun. Starfsáætlun Oddeyrarskóla veitir ýmsar hagnýtar upplýsingar um skólastarfið.

Starfsáætlun er gefin út á hverju hausti og má í henni finna upplýsingar um skólann, áherslur og markmið með skólastarfinu, skipulag og helstu verkefni skólaársins, fyrirkomulag kennslu, hefðir og venjur í skólanum o.s.frv.

Starfsáætlunin er hluti af skólanámskrá Oddeyrarskóla og byggir hún á starfsvenjum okkar ásamt þeim ábendingum sem fram koma í mati á skólastarfinu á hverjum tíma um hvað megi betur fara og til hvaða aðgerða þurfi að grípa til að bæta skólann.

Það er von okkar að foreldrar og aðrir aðilar skólasamfélagsins geti nýtt sér upplýsingar sem birtast í starfsáætlun skólans og óskum við eftir ábendingum ef upplýsingar reynast ekki réttar eða einhverjum upplýsingum þyki ábótavant.

Starfsáætlunin er birt á heimasíðu skólans en einnig er hægt að fá hana útprentaða ef þess er óskað.

Með von um gott og árangursríkt skólastarf skólaárið 2018 – 2019.

Fjóla, Kristín og Rannveig

stjórnendur Oddeyrarskóla



## **Efnisyfirlit**

[Inngangur](#)

[Efnisyfirlit](#)

[Oddeyrarskóli 2018-2019](#)

[Nemendur](#)

[Starfsmenn Oddeyrarskóla skólaárið 2018-2019](#)

[Fundir og viðfangsefni skólaársins](#)

[Skóladagatal 2018-2019](#)

[Skýringar við skóladagatal](#)

[Skipulag skólans](#)

[Stjórnun](#)

[Skipurit Oddeyrarskóla](#)

[Skipulag og inntak kennslu](#)

[Samþætting námsgreina](#)

[Bekkjarnámskrár árganga](#)

[Teymiskennsla](#)

[Valgreinar](#)

[Almennt um skólastarf](#)

[Ferðalög nemenda](#)

[Lýðræðislegt samstarf](#)

[Skólaráð](#)

[Foreldrafélag Oddeyrarskóla](#)

[Lög foreldrafélags Oddeyrarskóla](#)

[Nemendaráð](#)

[Próun og endurmenntun](#)

[Innra mat skóla](#)

[Umbætur í skólastarfi](#)

[Endurmenntunaráherslur 2018-2019](#)

[Stoðþjónusta](#)

[Skimanir](#)

[Yfirlit yfir skimanir](#)



[Lausnateymi](#)

[Velferðarnefnd \(Nemendaverndarráð og forvarnarteymi gegn einelti\)](#)

[Ráðgiöf fræðsluviðs og fjölskyldudeildar](#)

[Skólahjúkrun](#)

[Námsráðgjöf](#)

[Hagnýtar upplýsingar](#)

[Matur og nesti](#)

[Frístund](#)

[Skólatími](#)

[Leyfi](#)

[Forföll nemenda](#)

[Útivist - frímínútur](#)

[Skólareglur](#)

[Viðbrögð Akureyrbæjar við ófullnægjandi skólasókn nemenda](#)

[Flokkun sorps](#)

[Rýmingaráætlun vegna elds](#)

[Viðbrögð við vá](#)



## **ODDEYRARSKÓLI 2018-2019**

**Heimilisfang:** Víðivellir, 600 Akureyri

Sími: 460-9550

Sími í frístund: 460-9557 / 460-9558

Netfang: [oddeyrarskoli@akureyri.is](mailto:oddeyrarskoli@akureyri.is)

Heimasíða: [www.oddeyrarskoli.is](http://www.oddeyrarskoli.is)

**Skólastjóri:** Kristín Jóhannesdóttir [kristinj@akmennt.is](mailto:kristinj@akmennt.is), [kristin@oddeyrarskoli.is](mailto:kristin@oddeyrarskoli.is)

### **Deildarstjórar:**

Rannveig Sigurðardóttir, deildarstjóri yngri deildar og staðgengill skólastjóra [rannveig@akureyri.is](mailto:rannveig@akureyri.is) / [rannveig@oddeyrarskoli.is](mailto:rannveig@oddeyrarskoli.is)

Fjóla Kristín Helgadóttir, deildarstjóri eldri deildar [fkh@akmennt.is](mailto:fkh@akmennt.is) / [fjola@oddeyrarskoli.is](mailto:fjola@oddeyrarskoli.is)

Fjöldi nemenda haustið 2018: 191

Fjöldi starfsmanna haustið 2018: 47

Skólinn er opinn mánudaga til föstudaga kl. 7:45-16:15.

Ritari er að jafnaði við kl. 8-14, eftir það er svarað í síma eins og kostur er.



## NEMENDUR

Í ágúst 2018 eru 191 nemendur skráðir í skólann.

<b>Bekkur</b>	<b>Drengir</b>	<b>Stúlkur</b>	<b>Alls</b>	<b>Umsjónarkennarar</b>
1.	11	4	15	J. Freydís Þorvaldsdóttir
2.	9	6	15	Ragnheiður Ásta Einarsdóttir
3.	7	9	16	Sólveig Styrmissdóttir
4.	15	11	26	Sigrún Finnsdóttir
5.	11	8	19	Kristín B, Linda Rós og Margrét A
6.	10	5	15	Kristín B, Linda Rós og Margrét A
7.	9	10	19	Kristín B, Linda Rós og Margrét A
8.	11	8	19	Sigurrós Karlsdóttir
9.	7	11	18	Rakel Óla Sigmundsdóttir
10.	10	19	29	Hrafnhildur G. og María A.
<b>Alls</b>	<b>100</b>	<b>91</b>	<b>191</b>	



## STARFSMENN ODDEYRARSKÓLA SKÓLAÁRIÐ 2018-2019

Nafn	Starfsheiti
Allý Halla Aðalgeirsdóttir	Stuðningsfulltrúi í frístund
Arnór Bliki Hallmundsson	Stuðningsfulltrúi í frístund, ýmsar afleysingar
Ágústa Ósk Guðnadóttir	Matráður
Bára Árný Sigþórsdóttir	Stuðningsfulltrúi á yngsta stigi
Bjarki Gíslason	Íþróttakennari í 3. - 10. bekk
Einar Magnús Einarsson	Umsjónarmaður tölvumála
Elín Elísabet Hreggviðsdóttir	Skólaliði
Fjóla Kristín Helgadóttir	Deildarstjóri eldri deildar, íslenskukennari í 9. bekk
Gígja Þórarinsdóttir	Myndlistarkennari í 1.-10. bekk
Gréta Júlíusdóttir	Stuðningsfulltrúi á yngsta stigi
Guðrún Jóhannesdóttir	Grunnskólakennari á yngsta stigi
Hafdís Bjarnadóttir	Grunnskólakennari, heimilisfræði í 1.-10. b.
Hafdís Sigurðardóttir	Leiðbeinandi, íþróttakennsla
Harpa Kristín Þóroddsdóttir	Grunnskólakennari á mið- og unglingastigi
Hrafnhildur Guðjónsdóttir	Grunnskólakennari, umsjón í 10. b.
Hörður Már Jónsson	Stuðningsfulltrúi á miðstigi
Ingibjörg Sólrún Ingimundard.	Skólahjúkrunarfræðingur
Ingvar Engilbertsson	Grunnskólakennari, smíðakennsla í 5. - 7. bekk
Íris Björk Sigurjónsdóttir	Stuðningsfulltrúi á miðstigi
J. Freydís Þorvaldsdóttir	Grunnskólakennari, umsjón í 1. bekk
Jóhannes Bjarki Sigurðsson	Húsvörður
Kristín Bergþóra Jónsdóttir	Grunnskólakennari, umsjón í 5. - 7. bekk
Kristín Hallgrímsdóttir	Skólaritari
Kristín Jóhannesdóttir	Skólastjóri
Linda Óladóttir	Grunnskólakennari, textílmennt í 1. - 10. bekk
Linda Rós Rögnvaldsdóttir	Grunnskólakennari, umsjón í 5. - 7. bekk



Lísbet Grönvaldt Björnsdóttir	Umsjón með félagsmiðstöð
Magnþór Jóhannsson	Skólaliði
Margrét Th. Aðalgeirsdóttir	Grunnskólakennari, umsjón í 5. -7. bekk
María Aðalsteinsdóttir	Grunnskólakennari, umsjón í 10. bekk
Marta Urszula Majda	Aðstoðarmatráður
Ragnheiður Antonsdóttir	Skólaliði
Ragnheiður Ásta Einarsdóttir	Grunnskólakennari, umsjón í 2. bekk
Rakel Óla Sigmundsdóttir	Grunnskólakennari, umsjón í 9. bekk
Rannveig Sigurðardóttir	Deildarstjóri yngri deildar og staðgengill skólastjóra
Sigfríð Friðbergdóttir	Skólaliði
Sigrún Finnsdóttir	Grunnskólakennari, umsjón í 4. bekk
Sigrún Gunnarsdóttir	Umsjónarmaður frístundar
Sigurborg Sverrisdóttir	Tónmennt í 1. - 7. bekk
Sigurrós Margrét Karlsdóttir	Umsjónarkennari í 8. bekk
Sunneva Guðgeirsdóttir	Stuðningsfulltrúi á yngsta stigi
Sólveig Styrmissdóttir	Grunnskólakennari, umsjón í 3. bekk
Yrsa Hörn helgadóttir	Grunnskólakennari á yngsta stigi
Þorgerður Bjarnadóttir	Skólaliði
Þórarinn Torfason	Skólasafnskennari
Þuríður Lilja Rósenbergdóttir	Náms- og starfsráðgjafi

*Trúnaðarmenn skólaárið 2018-2019 eru Ragnheiður Ásta Einarsdóttir og Linda Rós Rögnvaldsdóttir (KÍ) og Þorgerður Bjarnadóttir (Eining-líða). Öryggistrúnaðarmaður er Linda Óladóttir kennari, [lindaola@akmennt.is](mailto:lindaola@akmennt.is) og öryggisvörður er Jóhannes Bjarki Sigurðsson.*





## FUNDIR OG VIÐFANGSEFNI SKÓLAÁRSINS

**Mánudagar**

- Mánudagar eru fráteknir fyrir ýmiskonar samstarf milli skóla eða stofnana.

**Þriðjudagar**

- Starfsmanna-, kennara-, stigs- og teymisfundir: 14:00-16:00.

**Fimmtudagar**

<b>Faglegar nefndir í Oddeyrarskóla starfa skv. eftirfarandi skipulagi skólaárið 2018-2019</b>		
	<b>Vikur</b> 37, 39, 41, 43, 45, 47 3, 5, 7, 9, 11, 13, 19	<b>Vikur</b> 36, 38, 40, 44, 46, 48 2, 4, 6, 8, 12, 14, 20
Fimmtudag kl. 13:45-14:45	Læsis-teymi SMT stýrihópur	SMT lausnateymi
Fimmtudag kl. 15:00-16:00	UT teymi DAM teymi	Stýrihópur um heilsueflandi grunnskóla
Teymi um innra mat fundar einn föstudagi í mánuði kl. 13:30-16:00 Vikur 36, 40, 45, 49, 1, 6, 9, 14, 18		



SKÓLADAGATAL 2018-2019

2018

Oddeyrarskóli

Skóladagatal

Ágúst	September	Október	November	Desember	Janúar	Febrúar	Mars	Apríl	Mai	Júní
1 M	1 L	1 M	1 F	1 L	1 Þ	1 F	1 F	1 M	1 M	1 L
2 F	2 S	2 Þ	2 F	2 S	2 M	2 L	2 L	2 Þ	2 F	2 S
3 F	3 M	3 M	3 L	3 M	3 F	3 S	3 S	3 M	3 F	3 M
4 L	4 Þ	4 F	4 S	4 Þ	4 F	4 M	4 M	4 F	4 L	4 Þ
5 S	5 M	5 F	5 M	5 M	5 L	5 Þ	5 Þ	5 F	5 S	5 M
6 M	6 F	6 L	6 Þ	6 F	6 S	6 M	6 M	6 L	6 M	6 F
7 Þ	7 F	7 S	7 M	7 F	7 M	7 F	7 F	7 S	7 Þ	7 F
8 M	8 L	8 M	8 F	8 L	8 Þ	8 F	8 F	8 M	8 M	8 L
9 F	9 S	9 Þ	9 F	9 S	9 M	9 L	9 L	9 Þ	9 F	9 S
10 F	10 M	10 M	10 L	10 M	10 F	10 S	10 S	10 M	10 F	10 M
11 L	11 Þ	11 F	11 S	11 Þ	11 F	11 M	11 M	11 F	11 L	11 Þ
12 S	12 M	12 F	12 M	12 M	12 L	12 Þ	12 Þ	12 F	12 S	12 M
13 M	13 F	13 L	13 Þ	13 F	13 S	13 M	13 M	13 L	13 M	13 F
14 Þ	14 S	14 M	14 M	14 F	14 M	14 F	14 F	14 S	14 Þ	14 F
15 M	15 L	15 M	15 F	15 L	15 Þ	15 F	15 F	15 M	15 M	15 L
16 F	16 M	16 Þ	16 F	16 S	16 M	16 L	16 L	16 Þ	16 F	16 S
17 F	17 M	17 M	17 L	17 M	17 F	17 S	17 S	17 M	17 F	17 M
18 L	18 Þ	18 F	18 S	18 Þ	18 F	18 M	18 M	18 F	18 L	18 Þ
19 S	19 M	19 F	19 M	19 M	19 L	19 Þ	19 Þ	19 F	19 S	19 M
20 M	20 F	20 L	20 Þ	20 F	20 S	20 M	20 M	20 L	20 M	20 F
21 Þ	21 S	21 M	21 M	21 F	21 M	21 F	21 F	21 S	21 Þ	21 F
22 M	22 L	22 M	22 F	22 L	22 Þ	22 F	22 F	22 M	22 M	22 L
23 F	23 S	23 Þ	23 F	23 S	23 M	23 L	23 L	23 Þ	23 F	23 S
24 F	24 M	24 M	24 L	24 M	24 F	24 S	24 S	24 M	24 F	24 M
25 L	25 Þ	25 F	25 S	25 Þ	25 F	25 M	25 M	25 F	25 L	25 Þ
26 S	26 M	26 F	26 M	26 M	26 L	26 Þ	26 Þ	26 F	26 S	26 M
27 M	27 F	27 L	27 Þ	27 F	27 S	27 M	27 M	27 L	27 M	27 F
28 Þ	28 F	28 S	28 M	28 F	28 M	28 F	28 F	28 S	28 Þ	28 F
29 M	29 L	29 M	29 F	29 L	29 Þ	29 M	29 F	29 M	29 M	29 L
30 F	30 S	30 Þ	30 F	30 S	30 M	30 L	30 L	30 Þ	30 F	30 S
31 F		31 M		31 M	31 F			31 S	31 F	
170	8	19	21	14	19	19	19	14	20	1
5			1		1				1	
10	1	1	1	1	1	1	1	1		2
8	4									4

180



## SKÝRINGAR VIÐ SKÓLADAGATAL

21. ágúst	Skólasetning. Tímasetningar auglýstar á heimasíðu skólans.
4. september	Útivistardagur. Allir nemendur fara í göngu- eða hjólaferð. Foreldrar fá bréf frá skólanum með nánara skipulagi. Dagurinn er með óhefðbundnu tímaskipulagi og því mögulegt að nemendur mæti seinna eða fari fyrr úr skóla en venja er á þessum vikudagi. Ef illa viðrar þennan dag verður útivist mögulega frestað.
16. október	Viðtalsdagur. Foreldra- og nemendaviðtöl. Forráðamenn fá bréf frá umsjónarkennara varðandi skráningu í viðtöl.
17. október	Starfsdagur kennara. Nemendur í leyfi.
18. - 19. október	Haustfrí nemenda og kennara. Lokað í frístund 19. október.
14. nóvember	Starfsdagur kennara. Nemendur í leyfi.
16. nóvember	Dagur íslenskrar tungu. Nemendur taka þátt í verkefnum sem tengjast deginum.
20. desember	Litlu jól. Þessi dagur telst sem tvöfaldur nemendadagur. Fyrir um daginn er hefðbundinn skóladagur en eftir hádegið verða litlu jól þar sem nemendur og starfsfólk koma saman á sal.
7. - 11. janúar	7. bekkur fer í skólabúðirnar að Reykjum í Hrútafirði. Umsjónarkennari sendir forráðamönnum upplýsingar tímanlega fyrir ferð.
25. - 26. janúar	Árshátíð nemenda Oddeyrarskóla. Allir nemendur skólans undirbúa árshátíðaratriði til að sýna á sal. Föstudaginn 25. janúar eru nemendur með lokaæfingu og sýna þá öðrum nemendum skólans. Laugardaginn 26. janúar eru þrjár sýningar á sal fyrir gesti. Kaffihlaðborð á vegum foreldrafélagsins er á milli sýninga.
4. - 8. febrúar	Heilsuvika. Nemendur og starfsfólk taka þátt í heilsutengdum viðburðum, m.a. lífshlaupinu.
7. febrúar	Útivistardagur (gæti færst til vegna veðurs). Skíðaferð fyrirhuguð og dagsskipulag gæti breyst þannig að nemendur komi heim fyrr en venjulega í einhverjum tilvikum.
25. febrúar	Starfsdagur kennara. Nemendur í leyfi.
26. febrúar	Viðtalsdagur. Foreldra- og nemendaviðtöl. Forráðamenn fá bréf frá umsjónarkennara varðandi skráningu í viðtöl.
6. - 8. mars	Vetrarfrí nemenda og kennara. Lokað í frístund 6. mars.
12. - 14. mars	Nemendur í 9. bekk þreyta samræmd könnunarpróf í íslensku, stærðfræði og ensku. Prófin eru tekin rafrænt.
20. mars	Upplestrarkeppni 7. bekkjar. Lokahátíð í MA kl. 17:00. Tveir fulltrúar skólans taka þátt.



12. apríl	Síðasti dagur fyrir páska. Nemendur spila páskabingó. Þessi dagur er óhefðbundinn og nemendur koma fyrir heim en stundatafla segir til um.
25. apríl	Sumardagurinn fyrsti. Frídagur.
2. maí	Starfsdagur kennara. Nemendur í leyfi. Lokað í frístund.
27. - 29. maí	Nemendur 10. bekkjar fara í skólaferðalag til Reykjavíkur og í Skagafjörð.
3. júní	Ratleikur og sund. Nemendur fara í ratleik um bæinn og fara í sund fyrir eða eftir. Nánari upplýsingar berast frá umsjónarkennara í vikunni á undan.
4. júní	Skólaslit. Tvöfaldur dagur. Fyrst er stytur skóladagur. Skólaslit eru fyrir 1. - 7. bekk kl. 13:00 og fyrir 8. - 10. bekk kl. 17:00.


#### SKIPULAG SKÓLANS

#### STJÓRNUN

Skólastjóri er forstöðumaður skólans og ber ábyrgð á starfi hans. Hann stjórnar skólanum ásamt deildarstjórum og í sameiningu veita þeir skólanum faglega forystu.



SKIPURIT ODDEYRARSKÓLA



SKIPULAG OG INNTAK KENNSLU

SAMÞÆTTING NÁMSGREINA

Í öllum bekkjum skólans er mikil áhersla lögð á að leggja góðan grunn fyrir áframhaldandi skólagöngu. Lestrarfærni og skilningur í stærðfræði er þar ofarlega á baugi, auk þess að leggja áherslu á góðar námsvenjur, samskipti og líðan. Þessar áherslur verða til þess að námið er oft sett upp í þeim þar sem unnið er með öll þessi markmið samhliða. Markmið allra greina geta farið saman í einu þema þar sem unnið er með tungumálið, sköpun, upplýsingatækni, stærðfræði og samskipti svo eitthvað sé nefnt. Hvert fag hefur þó enn sín markmið eins og þau birtast í Aðalnámskrá grunnskóla og skólanámskrá en þar sem kennarar vinna mikið saman í teymum er auðvelt að samþætta og vinna með þessu móti.



Í samfélags- og náttúrufræði er unnið að markmiðum gegnum ýmsa þemavinnu. Í fyrsta bekk er unnið út frá barninu sjálfu og nánasta umhverfi og síðan er unnið með stærri svið eftir því sem lengra líður á skólagönguna, fjallað um nánasta umhverfi, síðan bæinn, landið og heiminn allan. Að auki er fjallað um ýmislegt sem varðar líðandi stund s.s. algenga hátíðisdaga, atburði í veðri og náttúru Íslands og fleira. Áhugasvið barnanna eru einnig nýtt í þemavinnuna.

Yngsta stig

- Börn í 1. - 4. bekk fá 30 kennslustundir á viku. Í viðmiðunarstundaskrá er gert ráð fyrir að skólar deili niður á hvert stig þeim tíma sem gefinn er upp í hverri grein. Þannig getur íslenskan eða stærðfræðin haft meira vægi á einhverjum tíma og aðrar greinar á öðrum tímum. Íþróttir eru þó alltaf að lágmarki þrjár stundir á viku.
- Í vetur eru 72 nemendur á yngsta stigi. Unnið hefur verið að því í nokkur ár að samkenna þessum árgöngum að hluta. Tveir stoðkennarar vinna með þessum kennurum og þrír stuðningsfulltrúar sem gefur möguleika á aldursblöndun í hópa og fjölbreytni í hópavinnu.



Einnig er unnið með aldursblandaða hópa í smiðjum en þar eru kenndar ýmsar verk- og listgreinar auk vísinda- tölvu- og útikennslu.

- Í 1. bekk eru 15 nemendur, umsjónarkennari þeirra er Freydís Þorvaldsdóttir.
- Í 2. bekk eru 15 nemendur og þar er umsjónarkennari Ragnheiður Ásta Einarsdóttir. Með 1. og 2. bekk starfar einn stoðkennari, Guðrún Jóhannesdóttir og einn stuðningsfulltrúi, Bára Árný Sigþórsdóttir.
- Í 3. bekk eru 16 nemendur, umsjónarkennari er Sólveig Styrmsdóttir.
- Í 4. bekk eru 26 nemendur, umsjónarkennari er Sigrún Finnsdóttir. Með 3. og 4. bekk starfar einn stoðkennari, Yrsa Hörn Helgadóttir og tveir stuðningsfulltrúar, Gréta Júlíusdóttir og Sunneva Guðgeirsdóttir.
- Bekkjafundir eru haldnir vikulega. Á þeim fundum er farið eftir ákveðnum leiðum við að ræða ýmis mál. Stundum er verið að leita lausna en á öðrum fundum er verið að ræða saman um ýmislegt er varðar réttindi og skyldur, líðan og fleira. Bekkjafundir eru liður í forvarnarstarfi gegn einelti.
- Nemendur í 1. bekk fá DAM fræðslu en hún snýst í megindrátum um að vinna með streituþol, samskiptahæfni, núvitund og tilfinningastjórn.

#### Miðstigi

- Börn í 5. - 7. bekk fá 35 kennslustundir á viku. Í viðmiðunarstundaskrá er gert ráð fyrir að skólar deili niður á hvert stig þeim tíma sem gefinn er upp í hverri grein. Þannig getur íslenskan eða stærðfræðin haft meira vægi á einhverjum tíma og aðrar greinar á öðrum tímum. Íþróttir eru þó alltaf að lágmarki þrjár stundir á viku.
- Í vetur eru 55 nemendur á miðstigi. Einn bekkur í hverjum árgangi, einn umsjónarkennari með hvern bekk, einn stoðkennari og einn stuðningsfulltrúi.
- Nemendur á stiginu njóta töluverðar samvinnu milli árganga í bóklegum greinum en jafnframt er unnið með aldursblandaða hópa í list- og verkgreinasmiðjum.
- Námsgreinar eru samþættar eftir aðstæðum til að auka merkingarbærni náms og fjölbreytni. Mest er unnið að samþættingu íslensku og samfélagsfræði auk þess sem upplýsingatækni er tengd markvisst við allar námsgreinar.
- Bekkjafundir eru haldnir vikulega. Á þeim fundum er farið eftir ákveðnum leiðum við að ræða ýmis mál. Stundum er verið að leita lausna en á öðrum fundum er verið að ræða saman um ýmislegt er varðar réttindi og skyldur, líðan og fleira. Bekkjafundir eru liður í forvarnarstarfi gegn einelti.

#### Unglingastigi

- Börn í 8.–10. bekk fá 37 kennslustundir á viku. Í 8. bekk eru 33 kennslustundir í grunnfögum og fjórar kennslustundir í valgreinum. Í 9.–10. bekk eru 29 kennslustundir í grunnfögum og átta kennslustundir í valgreinum. Flestar valgreinar eru tvær kennslustundir á viku og velja nemendur sér því tvær til fjórar. Valgreinar eru ýmist kenndar innan skólans eða í samvali en það er sameiginlegt námsframboð grunnskóla á Akureyri. Þar er m.a. boðið upp á valgreinar í samstarfi við Verkmenntaskólann á Akureyri þar sem markmiðið er m.a. að nemendur grunnskólanna geti nýtt sérþekkingu og sérhæfð verkstæði bæði í bók og verkgreinum. Einnig geta nemendur fengið metið nám í sérskólum s.s. tónlistar- og myndlistarnám og þátttöku í íþróttum eða öðru tómstundastarfi í stað valgreinar.
- Í vetur eru 65 nemendur á unglingsstigi Oddeyrarskóla. Einn bekkur er í hverjum árgangi, yfirleitt er einn umsjónarkennari með hvern bekk en í vetur eru tveir umsjónarkennarar með 10. bekk sökum fjölda en þar eru 29 nemendur. Á unglingsstigi eru því fjórir umsjónarkennarar og einn stoðkennari sem saman mynda teymi og er mikið samstarf þeirra í milli. Á stiginu eru líka einn stuðningsfulltrúi. Þrisvar í viku, tvær kennslustundir í senn, vinna nemendur í aldursblönduðum hópum að fjölbreyttum þemaverkefnum þar sem grunnþættir menntunar og



lykilhæfni eru lögð til grundvallar. Mikil áhersla er lögð á samvinnu nemenda og sjálfstæði þeirra í útfærslu verkefna. Upplýsingatækni tengd markvisst við allar námsgreinar.

- Fastur liður í skólastarfi Oddeyrarskóla eru heimsóknir umsjónarkennara til nemenda í 8. bekk í upphafi skólaárs. Í heimsókninni er rætt það helsta sem fjölskyldunni liggur á hjarta varðandi komandi vetur. Ef foreldrar vilja ekki fá kennara heim má að sjálfsögðu hafa samtalið í skólanum. Undantekningalítið hafa foreldrar þegið að fá kennarana í heimsókn.
- Bekkjarfundir eru haldnir vikulega. Á þeim fundum er farið eftir ákveðnum leiðum við að ræða ýmis mál. Stundum er verið að leita lausna en á öðrum fundum er verið að ræða saman um ýmislegt er varðar réttindi og skyldur, líðan og fleira. Bekkjarfundir eru liður í forvarnarstarfi gegn einelti.
- Nemendur í 8. bekk fá DAM fræðslu hún snýst í megin dráttum um að vinna með streituþol, samskiptahæfni, núvitund og tilfinningastjórn.
- Umsjónarkennarar á unglíngastigi hafa í auknum mæli lagt áherslu á kynni nemenda úr Oddeyrarskóla við nemendur úr á sama aldri í öðrum skólum með heimsóknum á milli nemenda.

#### BEKKJARNÁMSKRÁR ÁRGANGA

Bekkjarnámskrár eru til fyrir hvert stig fyrir sig og eru birtar á heimasíðu skólans. Þar er að finna ítarlegar upplýsingar um áherslur í kennslu á hverju aldursstigi fyrir sig.

- [Bekkjarnámskrá yngsta stigs](#)
- [Bekkjarnámskrár miðstigs](#)
- [Bekkjarnámskrá unglíngastigs](#)

#### TEYMISKENNSLA

Starfsmenn skólans starfa í teyllum í því skyni að auka gæði kennslu og koma betur til móts við ólíkar þarfir nemenda, m.a. með fjölbreyttum kennsluháttum og námsmatsleiðum. Einnig er teymiskennsla liður í því að auka faglega samræðu kennara og rjúfa einangrun. Þannig myndast lærdómssamfélag í skólanum sem byggir á sameiginlegri ígrundun starfsfólks í daglegu starfi. Unnið er markvisst með aldursblöndun á öllum stigum. Á yngsta stigi vinna umsjónarkennarar 1. - 4. bekkjar auk stoðkennara saman sem eitt teymi. Á miðstigi starfa þrjú umsjónarkennarar og einn stoðkennari saman í teymi og á unglíngastigi starfa fjórir umsjónarkennarar og stoðkennari saman sem teymi.

#### VALGREINAR

Nemendur í 8. bekk eiga kost á að velja sér tvær valgreinar (4 kennslustundir) á viku en nemendur í 9. og 10. bekk velja fjórar valgreinar (8 kennslustundir) á viku. Hluti valgreinanna er kenndur innan skólans en einnig gefst nemendum kostur á að velja valgreinar sem kenndar eru í samstarfi við aðra skóla bæjarins (samval). Samvalið eykur mjög fjölbreytni þeirra greina sem nemendur geta valið sérstaklega í svo fámennum skóla sem Oddeyrarskóli er.

### ALMENNT UM SKÓLASTARF

#### FERÐALÖG NEMENDA

Nemendur í 7. bekk dvelja í eina viku í Skólabúðunum að Reykjum, yfirleitt í upphafi skólaárs. Á vordögum fara nemendur í 10. bekk í útskriftarferð. Ekki eru áformaðar fleiri lengri ferðir á þessu skólaári en að sjálfsögðu verður farið í styttri vettvangsferðir eftir því sem tilefni gefast og fá foreldrar þá



upplýsingar frá umsjónarkennurum. Til dæmis eru ávallt tveir útivistardagar á hverju skólaári. Hinn fyrri er gönguferð að hausti og hinn síðari er skíðadagur á tímabilinu febrúar-apríl.

#### LÝÐRÆÐISLEGT SAMSTARF

#### SKÓLARÁÐ

Með gildistöku laga nr. 91 um grunnskóla frá 12. júní 2008 komu skólaráð í stað foreldraráða. Skólaráð er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólalald. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans. Skólaráð fjallar um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið. Skólaráð skal fá til umsagnar áætlanir um fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á skólalaldi og starfsemi skóla áður en endanleg ákvörðun um þær er tekin. Skólaráð fylgist almennt með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda. Skólaráð skal skipað níu einstaklingum til tveggja ára í senn, tveimur fulltrúum kennara ásamt einum fulltrúa annars starfsfólks í viðkomandi skóla, tveimur fulltrúum nemenda og tveimur fulltrúum foreldra, auk skólastjóra sem stýrir starfi skólaráðs og ber ábyrgð á stofnun þess. Skólaráð velur að auki einn fulltrúa grenndarsamfélags til að sitja í ráðinu eða viðbótarfulltrúa úr hópi foreldra. Auk þess skal skólastjóri boða til sameiginlegs fundar skólaráðs og stjórnar nemendafélags að lágmarki einu sinni á ári.

#### FORELDRAFÉLAG ODDEYRARSKÓLA

Stjórn foreldrafélags Oddeyrarskóla samanstendur af einum bekkjarfulltrúa úr hverjum árgangi skólans og er því stjórn skipuð 10 fulltrúum.

Formaður: Unnur Elva Vébjörnsdóttir

Gjaldkeri: Laufey Harrýsdóttir

#### LÖG FORELDRAFÉLAGS ODDEYRARSKÓLA

1. Félagið heitir Foreldrafélag Oddeyrarskóla. Heimili þess og varnarþing er á Akureyri. Heimilt er að innheimta félagsgjald að hausti sem ákveða skal á aðalfundi.
2. Foreldrar og forráðamenn nemenda í skólanum verða sjálfkrafa meðlimir félagsins, nema þeir óski annars.
3. **Tilgangur félagsins er:**
  - a. Að efla samskipti skólans og foreldra/forráðamanna þeirra barna er þar stunda nám.
  - b. Að veita aðstoð í skólastarfinu, þ.á.m. við félagsstörf nemenda.
4. **Tilgangi sínum hyggst félagið ná með því m.a.:**
  - a. Að halda fundi um ýmis uppeldisfræðileg efni.
  - b. Að veita aðstoð í skólastarfinu, þ.á.m. við félagsstörf nemenda.
  - c. Að standa að eða styðja menningarlíf innan skólans, svo og annað sem að gagni getur komið fyrir skólann og nemendur hans.
5. Bekkjarráð er skipað minnst tveimur fulltrúum úr hverri bekkjardeild. Bekkjarráð skal starfa við undirbúning og framkvæmd sérstakra verkefna þar sem þörf er á samstilltu átaki foreldra/forráðamanna, kennara og nemenda. Bekkjarráðsfulltrúar hverrar bekkjardeildar sjá um í samvinnu við umsjónarkennara að minnst tveir foreldrar/forráðamenn úr hverri bekkjardeild taki sæti í bekkjarráði í upphafi skólaárs.





6. Aðalfund félagsins skal halda í október ár hvert. Hann skal boðaður skriflega með a.m.k. 5 daga fyrirvara. Aðalfundur er löglegur ef boðað er til hans á réttan hátt.

**Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:**

1. Skýrsla formanns um störf félagsins og umræða um hana.
  2. Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga.
  3. Umræða og atkvæðagreiðsla um reikninga.
  4. Lagabreytingar.
  5. Kosning stjórnar.
  6. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga.
  7. Skipun tveggja fulltrúa í skólaráð í samráði við skólastjórnendur.
  8. Ákvörðun félagsgjalda.
  9. Önnur mál.
7. Í stjórn félagsins situr einn fulltrúi úr hverju bekkjarráði. Heimilt er þó að tveir fulltrúar komi til fyrir hönd bekkjaráðs í stjórn sé fyrir því áhugi eða aðstæður eru fyrir hendi. Ávallt skal hluti stjórnar sitja í a.m.k. tvö ár. Stjórnin skiptir með sér störfum og velur einn fulltrúa úr stjórn í fulltrúaráð foreldrafélaga í bænum. Fráfarandi formaður skal kalla nýkjörna stjórn saman til fyrsta fundar eigi síðar en 10 dögum eftir aðalfund. Skólastjóri eða staðgengill hans hefur seturétt á stjórnarfundum félagsins með málfrelsi og tillögurétt. Skal hann boðaður á sama hátt og stjórnarmenn.
  8. Stjórn félagsins skal halda minnst tvo almenna félagsfundi árlega.
  9. Stjórn félagsins skal ekki sinna klögumálum eða hafa afskipti af vandamálum sem upp kunna að koma milli einstakra foreldra og starfsmanna skólans.
  10. Ef 20 félagsmenn eða fleiri óska eftir með undirskrift að haldinn verði félagsfundur eða auka-aðalfundur er stjórninni skylt að verða við þeirri ósk.
  11. Slíkan fund skal boða á sama hátt og aðalfund innan hálf mánaðar frá því að óskin kemur fram. Lög foreldrafélags Oddeyrarskóla
  12. Félagið má aðeins leysa upp, að  $\frac{2}{3}$  hlutar fundarmanna greiði því atkvæði á aðalfundi, enda skuli vera tillaga um það í fundarboði. Skulu þá eignir félagsins renna til Oddeyrarskóla.  
Svohljóðandi lög félagsins voru samþykkt á aðalfundi félagsins þann 4. október 2012

#### NEMENDARÁÐ

Við skólann starfar nemendaráð sem skipað er fulltrúum úr 6.-10. bekk, tveimur úr hverjum árgangi. Kjör nemendaráðs fer fram með lýðræðislegri kosningu í upphafi skólaárs.

**Nemendaráð starfar samkvæmt eftirfarandi starfsreglum:**

1. **grein:** Félagið heitir Nemendaráð Oddeyrarskóla og hefur aðsetur þar.
2. **grein:** Allir nemendur Oddeyrarskóla eru félagar í nemendaráði. Nemendur í 6.-10. bekk mega sitja í embættum og nemendur í 6.-10. bekk hafa atkvæðis- og kosningarétt.
3. **grein:** Hlutverk Nemendafélags Oddeyrarskóla er að:
  - skipuleggja félagsstarf í skólanum með félagskennara.
  - að gæta hagsmuna nemenda í skólanum.



- miðla upplýsingum milli nemenda og stjórnenda skólans.

**4. grein:** Stjórn Nemendafélags Oddeyrarskóla skipa tveir nemendur úr 6.-10. bekk, auk varamanns úr hverjum bekk.

**5. grein:** Ný stjórn er kosin í upphafi hvers árs með lýðræðislegum, leynilegum kosningum.

**6. grein:** Stjórn félagsins skal funda a.m.k. einu sinni í mánuði. Skyldumæting er á fundi og ber að tilkynna félagskennara forföll. Ef fulltrúi getur ekki mætt á hann að útvega varamann í sinn stað.

**7. grein:** Nemendur sem sitja í Nemendaráði skulu leitast við að vera til fyrirmyndar og þeir nemendur sem neyta áfengis, vímuefna eða tóbaks, geta ekki verið í nemendaráði. Ekki er heimilt að ræða mál einstakra nemenda í ráðinu.

**8. grein:** Endurskoða skal lög ráðsins árlega. Lög þessi skulu þegar taka gildi og falla þar með önnur lög sem sett hafa verið úr gildi.

Samþykkt af öllum kjörnum fulltrúum í nemendaráði Oddeyrarskóla að hausti 2014.

## PRÓUN OG ENDURMENNTUN

### INNRA MAT SKÓLA

Skólinn vinnur að innra mati á hverju ári og er skýrsla unnin að vori sem byggir á áherslum skólans og því mati sem unnið er á skólaárinu. Helsta gagnasöfnun fer fram í gegnum ýmiskonar greiningar á viðburðum og starfi og gegnum Skólapúlsinn sem aflar upplýsinga frá nemendum, foreldrum og starfsmönnum. Starfsmannakönnun Akureyrarbæjar er einnig mikilvægt gagn, sem og starfsmannasamtöl. Jafnframt eru haldið skólalöng til að fá álit nemenda á ýmsum þáttum í skólastarfinu. Þættir sem eru metnir tengjast fyrst og fremst daglegu skólastarfi, foreldrasamstarfi og viðburðum í skólalífinu. [Umbótaáætlun](#) er gerð að vori út frá niðurstöðum innra mats.

Vinna við innra mat og skýrslugerð er á ábyrgð skólastjóra og vinnur stjórnendateymið að því að meta skólastarfið með reglubundnum hætti með aðstoð allra sem starfa í skólanum.

### UMBÆTUR Í SKÓLASTARFI

Kennarar þróa starfshætti sína markvisst og í vetur er áfram lögð áhersla á innleiðingu lærdómssamfélags í Oddeyrarskóla. Skólinn er með Erasmus styrk til starfsþróunar kennara auk styrkja frá Endurmenntunarsjóði grunnskóla til að vinna að því að efla skólann sem heilsueflandi grunnskóla, vinna áfram að innleiðingu DAM verkefnis og gefa kennurum kost á að heimsækja skóla erlendis sem náð hafa langt á ýmsum sviðum sem við leggjum áherslu á í Oddeyrarskóla.

Í skólanum er sífellt leitað leiða til að gera með skýran tilgang og markmið og leitast við að mæta þörfum allra nemenda. Þessi þróun snýr að stórum hluta að lestrar- og læsinsámi nemenda. Akureyrarbær er nú kominn með metnaðarfulla læsisstefnu sem sjá má á vefsíðunni <http://lykillinn.akmennt.is>



Megináherslur Oddeyrarskóla á skólaárinu 2018-2019 eru að efla áfram færni kennara og nemenda til að nota samræður til náms. Áfram verður unnið að því að efla notkun upplýsingatækni í námi nemenda, að vinna markvisst að bættri líðan og samskiptafærni nemenda með hjálp DAM verkefnisins og ART þjálfunar. DAM verkefni skólans hefur verið styrkt af KEA, Sprotasjóði og Lýðheilsusjóði og verður



fjármunum varið til að mennta kennara til að nota aðferðina, kaupa gögn sem mikilvæg eru í vinnu með nemendum og greiða að hluta fyrir þann faglega stuðning sem við fáum utan frá. DAM snýst í megindráttum um að vinna með streituþol, samskiptahæfni, núvitund og tilfinningastjórn. Þessi hugmyndafræði hefur lengi verið notuð sem meðferðarúrræði hjá börnum með þunglyndi eða sjálfskaðandi hegðun, en hefur á síðustu misserum verið aðlöguð og nýtt í forvarnarskyni í bandarískum skólum. Nýlega var gefið út námsefni á ensku sem tengist efninu og gott er að styðjast við. Unnið er að því að þýða handbókina á íslensku og er Oddeyrarskóli tilraunaskóli við að innleiða efnið.



framtíðarinnar sem gaf kennurum tækifæri til að sækja framhaldsnámskeið í forritun. Kennarar munu halda ótrauðir áfram.

Á undangengnum árum hefur verið mikil gróska innan Oddeyrarskóla um nám og kennslu í upplýsingatækni. Þróun skólans í notkun *Google for Education* hefur skipað stóran og fastan sess í daglegri vinnu nemenda og kennara og það býður umhverfið sífellt upp á nýjungar. Nemendur eru í auknum mæli að læra heimasíðugerð og hafa kennarar verið að læra forritun til að geta gefið nemendum tækifæri til að læra hana. Á síðasta ári hlaut skólinn aftur styrk frá Forriturum

#### ENDURMENNTUNARÁHERSLUR 2018-2019

Endurmenntun starfsmanna fer fram í samræmi við endurmenntunarstefnu skólans með það að markmiði að allir starfsmenn hafi yfir að ráða haldgóðri þekkingu á þeim þáttum sem snerta störf þeirra, í samræmi við yfirlýsta stefnu skólans. Stefnt er að því að starfsmenn bæti sífellt við þekkingu sína og færni og bæti sig þannig í starfi enda séu þeim sköpuð tækifæri til þess. Þá er markmiðið að auka starfsgleði, að styrkja samstarf og sameiginlega sýn starfsmanna.

#### Veturinn 2018-2019 eru eftirfarandi áherslupættir lagðir til grundvallar:

- Hugmyndafræði lærdómssamfélags.
- Heilsueflandi grunnskóli; öflun hugmynda og þróun skólans til að verða heilsueflandi
- SMT skólafærni.
- DAM í Oddeyrarskóla (1., 8. og 9. bekkur): áhersla á streituþol, núvitund, samskiptahæfni og tilfinningastjórn. Starfsþróun kennara og námsráðgjafa.
- Samræður til náms, Talking partners.
- Innleiðing á aðferðum Zankov stærðfræðinnar á yngsta stigi, stærðfræðisamræður sem m.a. byggja upp hugtakaskilning.
- Upplýsingatækni í skólastarfi; notkun Google for education, forritunar og annarrar hagnýtrar upplýsingatækni.
- Áframhaldandi þróun hæfnimiðaðs náms og námsmats í anda nýrrar aðalnámskrár. Kennarar læra áfram á K3 í Mentor og nýta hann við námsmat.

Auk þess geta starfsmenn nýtt sér önnur tækifæri til endurmenntunar sem bjóðast, t.d. hjá endurmenntunarstofnunum og fleiri aðilum. Það er þó alltaf háð samþykki skólastjóra hvort námskeið telst hluti af endurmenntunaráætlun starfsmanns og hvort skólinn tekur þátt í fjármögnun þess.

Þá geta starfsmenn nýtt sér aðrar aðferðir til símenntunar, s.s. að stofna leshringi, nota félagastuðning o.fl. Hver og einn starfsmaður ber ábyrgð á að halda utan um sína símenntun og skrá hana á þar til gerð eyðublöð. Skólastjórnendur sjá um að staðfesta símenntun og halda utan um skráningarblöð eftir að þeim er skilað að loknu hverju ári.

Nánar er hægt að kynna sér símenntunaráætlun Oddeyrarskóla [hér](#).



STOÐÞJÓNUSTA

SKIMANIR

Í skólanum eru ýmis tæki nýtt til að skima fyrir þáttum í þroska og námi nemenda sem geta haft áhrif á gengi þeirra og líðan í skóla. Mikilvægt er fyrir nemendur að gripið sé sem fyrst inn í þar sem þarf til að skólagangan verði farsæl. Þetta á jafnt við um líðan, heilsu og gengi í námi.

Reglulegar skimanir á lestrarfærni nemenda fara fram í skólanum. Nýlega gaf Menntamálastofnun út Lesfimi próf fyrir 1. - 10. bekk og viðmið um árangur í þeim. Skólinn nýtir þessi próf til skimunar og eftirfylgni með lestrarþróun hjá nemendum. Að auki er lagt fyrir lesskilningsprófið Orðarún sem er fyrir nemendur 3. - 8. bekkjar.



Logos lesskimunarpróf er lagt fyrir þá nemendur sem eiga í erfiðleikum með lestur og er þetta greiningartæki sem leggur mat á hvort barn er með dyslexiu (lesblindu). Þetta próf er lagt fyrir börn í fyrsta lagi í 3. bekk.

Skimanir í stærðfræði eru lagðar fyrir í 1. - 3. bekk.

Ef þörf er á að leggja fyrir mat á almennum þroska getur skólinn í samráði við foreldra sótt um slíkt mat í gegnum Fræðsluvið Akureyrarbæjar.

Heilsugæslan sinnir einnig þjónustu við skólabörn í gegnum skólahjúkrunarfræðing sem skimar fyrir ýmsum þáttum tengdum líkamlegri og andlegri heilsu skólabarna. Heimilislæknir er alltaf fyrsti kostur ef áhyggjur eru af heilsu barna og geta þeir vísað málum í réttan farveg ef þörf er á sérhæfðri þjónustu lækna.

YFIRLIT YFIR SKIMANIR

Bekkur	Lesferill - skimun	Læsi /lesmál skimun	Lesfimi	Orðarún	LOGOS skimun	Samræmt próf	GRP 14 skimun
1.	Sept.	Apríl	sept*. jan. maí				
2.		Apríl	sept. jan. maí				
3.			sept. jan. maí	sept. feb. maí	**		
4.			sept. jan. maí	sept. feb. maí	**	að hausti	
5.			sept. jan. maí	sept. feb. maí	**		
6.			sept. jan. maí	sept. feb. maí	**		
7.			sept. jan. maí	sept. feb. maí	**	að hausti	
8.			sept. jan. maí	sept. feb. maí	**		
9.			sept. jan. maí	sept. feb. maí	**	að vori	að hausti
10.			sept. jan. maí	sept. feb. maí	**		

\* Sumir

\*\*Einstaklingspróf fyrir þá sem þurfa.



#### LAUSNATEYMI

Við skólann er starfandi lausnateymi sem hluti af SMT skólafærni. Í lausnateyminu sitja kennarar (einn af hverju stigi), námsráðgjafi og deildarstjórnir Rannveig Sigurðardóttir og Fjóla Kristín Helgadóttir. SMT lausnarteymið vinnur að málefnum einstaklinga eða hópa og geta kennarar geta óskað eftir stuðningi teymisins við lausn slíkra mála.

#### VELFERÐARNEFND (NEMENDAVERNDARRÁÐ OG FORVARNARTEYMI GEGN EINELTI)

Velferðarnefnd er vinnur að velferð nemenda við skólann kallast nú velferðarnefnd og gegnir hún hlutverki nemendaverndarráðs og forvarnarteymis gegn einelti.

Nefndin starfar við skólann samkvæmt grunnskólalögum og reglugerð um nemendaverndarráð í grunnskólum. Hlutverk nemendaverndarráðs er að samræma skipulag og framkvæmd þjónustu við nemendur varðandi heilsugæslu, námsráðgjöf og sérfræðiþjónustu, vera skólastjóra til aðstoðar við gerð og framkvæmd áætlana um sérstaka aðstoð við nemendur. Þurfi nemandi á sérstakri aðstoð að halda vegna fötlunar, sjúkdóms, félagslegra eða tilfinningalegra erfiðleika, geta starfsmenn skólans eða foreldrar óskað eftir umfjöllun nemendaverndarráðs. Í ráðinu sitja skólastjóri, deildarstjórnir, námsráðgjafi og skólahjúkrunarfræðingur. Auk þess funda reglulega með ráðinu félagsráðgjafi (fulltrúi barnaverndar), sálfræðingur og sérkennsluráðgjafi frá Akureyrarbæ. Nemendaverndarráð fundar alla fimmtudaga kl. 8:30.

Velferðarnefnd vinnur því markvisst að forvörnum gegn einelti auk þess að taka á eineltismálum þegar þau koma upp.

#### Hlutverk nemendaverndarráðs í eineltismálum:

- Endurskoða forvarnaráætlun gegn einelti árlega og gera breytingar ef þess gerist þörf.
- Upplýsa foreldra/forsjáraðila um stefnu skólans í eineltismálum og hvetja þá til að leggja skólanum lið.
- Aðgerðaráætlun gegn einelti og ofbeldi í Oddeyrarskóla sett á heimasíðu skólans.
- Foreldrar upplýstir á heimasíðu skólans um hverjir sitja í eineltisnefnd viðkomandi skólaár.
- Stefnan kynnt á haustfundum og forsjáráðilum gerð grein fyrir mikilvægi þeirra í fyrirbyggjandi aðgerðum og við lausn á eineltismálum.
- Foreldrum bent á að jákvæð umræða um stefnu skólans í eineltismálum sé mikilvæg þar sem skoðanir þeirra og viðhorf móti skoðanir og viðhorf barna þeirra. Foreldrar beðnir um að ræða við börn sín um einelti og afleiðingar þess.
- Á fyrsta fundi velferðarnefndar að hausti kynnir fulltrúi úr eineltisnefndinni áætlun vetrarins.
- Í upphafi skólaárs kynna skólastjórnendur/eineltisnefnd starfsfólki áætlunina. Fjallað er um aðferðir, gagnasöfnun og samskiptaleiðir.

#### RÁÐGJÖF FRÆÐSLUSVIÐS OG FJÖLSKYLDUDEILDAR

Ráðgjafar- og sálfræðiþjónusta er veitt af skólateymi fræðslusviðs Akureyrarbæjar. Í skólateyminu eru sálfræðingar og sérkennarar. Þeir taka við óskum um aðstoð frá skólanum og eru foreldrar hvattir til að ræða við umsjónarkennara, námsráðgjafa eða stjórnendur ef þeir hafa áhuga á að leita aðstoðar eða ráðgjafar hjá skólateymi fræðslusviðs. Einnig geta foreldrar leitað beint til skólateymis. Fundir nemendaverndarráðs koma málefnum nemenda til skólateymis fræðslusviðs. Tengiliður skólaþjónustu er Fanný Rut Meldal (fanny@akureyri.is). Tengiliður barnaverndar við skólann er Þórdís Gísladóttir (disag@akureyri.is).



## SKÓLAHJÚKRUN

Heilsugæslu í grunnskólum Akureyrar er sinnt af hjúkrunarfræðingum frá Heilsugæslustöðinni á Akureyri. Hjúkrunarfræðingur skólans er Ingibjörg S. Ingimundardóttir ([isi@akmennt.is](mailto:isi@akmennt.is)). Hún er í 30% starfi við skólann. Viðverutími hennar er þriðjudaga og fimmtudaga frá klukkan 08:30-14:00 og annan hvern mánudag 08:30-14:00. Foreldrar geta ávallt leitað ráðgjafar hjá skólaheilsugæslunni varðandi andlegt, líkamlegt og félagslegt heilbrigði barnsins.

- Markmið skólaheilsugæslu er að efla heilbrigði nemenda og stuðla að vellíðan þeirra. Starfsfólk skólaheilsugæslu vinnur í náninni samvinnu við alla sem koma að málefnum nemenda með velferð þeirra að leiðarljósi. Farið er með allar upplýsingar sem trúnaðarmál. Starfsemi skólaheilsugæslunnar er samkvæmt lögum, reglugerðum og tilmælum sem um hana gilda. Í henni felast skoðanir, bólusetningar og heilbrigðisfræðsla, ásamt ráðgjöf til nemenda, fjölskyldna þeirra og starfsfólks skólans.
- Skólaheilsugæsla sinnir skipulagðri heilbrigðisfræðslu og hvetur til heilbrigðra lífshátta. Byggt er á hugmyndafræðinni um 6-H heilsunnar sem er samstarfsverkefni skólaheilsugæslunnar og Lýðheilsustöðvar. Eftir fræðslu fá foreldrar sent fréttabréf í tölvupósti. Þá gefst foreldrum kostur á að ræða við börnin um það sem þau lærðu og hvernig þau geti nýtt sér það í daglegu lífi.
- Skólaheilsugæslan hefur umsjón með lyfjagjöfum skólabarna í samráði við foreldra. Einungis eru gefin lyf sem ávísuð eru af lækni. Hafa ber í huga að barn getur ekki í neinu tilviki sjálft borið ábyrgð á lyfjatökunni, ábyrgðin er foreldranna. Börn skulu ekki hafa lyf undir höndum í skólanum nema í undantekningartilvikum. Slíkar lyfjagjafir geta t.d. verið insúlínjafir sem barnið sér sjálft alfarið um. Mikilvægt er að foreldrar láti skólahjúkrunarfræðing vita ef barnið er á lyfjum, jafnvel þó að barnið taki ekki lyf á skólatíma.
- Mikilvægt er að skólaheilsugæslan viti af börnum sem eru með langvinnan og/eða alvarlegan sjúkdóm, s.s. sykursýki, ofnæmi, flogaveiki og blæðingarsjúkdóma.
- Ef óhapp eða slys verður á skólatíma sér starfsfólk skólans um fyrstu hjálp. Þurfi nemandi að fara á heilsugæslustöð eða slyshadeild skulu foreldrar/forráðamenn fara með barninu.
- Skoðanir og bólusetningar eru framkvæmdar af skólaheilsugæslu sem hér segir:
  - **1. bekkur;** Sjónpróf, hæðar- og þyngdarmæling.
  - **4. bekkur;** Sjónpróf, hæðar- og þyngdarmæling.
  - **7. bekkur;** Sjónpróf, hæðar- og þyngdarmæling.
  - **9. bekkur;** Sjónpróf, hæðar- og þyngdarmæling.
 Nemendur í öðrum árgöngum eru skoðaðir ef ástæða þykir til.

## BÓLUSETNINGAR:

- **7. bekkur;** Bólusetting gegn mislingum, rauðum hundum og hettusótt. Stúlkur bólusettar gegn HPV (leghálskrabbamein).
- **9. bekkur;** Bólusetting gegn mænusótt, barnaveiki, stífkrampa og kíghósta.
- Ef líkur eru á að barnið sé ekki að fullu bólusett þá eru foreldrar hvattir til að hafa samband við skólaheilsugæsluna. Bólusetningar barna eru alltaf á ábyrgð foreldra.

## NÁMSRÁÐGJÖF

Þuríður Lilja Rósenbergsdóttir er náms- og starfsráðgjafi við skólann í 80% starfi. Hún er að jafnaði í skólanum mánudaga - fimmtudaga kl. 8-16. Helstu verkefni námsráðgjafa eru að veita nemendum og



foreldrum ráðgjöf varðandi námið og skipulag þess. Skrifstofa námsráðgjafa er í starfsmannaálmú og geta nemendur og foreldrar óskað eftir viðtali í samráði við umsjónarkennara og ritara einnig er hægt að bóka tíma í gegnum síma 460-9550 eða senda tölvupóst á [thl@akmennt.is](mailto:thl@akmennt.is).

#### Helstu verkefni náms- og starfsráðgjafa eru:

- Að standa vörð um velferð nemenda og starfa í þágu þeirra.
- Að vera trúnaðarmaður og málsvari nemenda.
- Leita lausna í málum nemenda.
- Gæta þess að nemendur búi við jafnrétti og að jafnréttis sé gætt gagnvart þeim innan skólans.
- Móttaka nýrra nemenda.
- Leiðsögn um nám og skipulag.
- Bæta vinnubrögð og námstækni.
- Aðstoða nemendur við að átta sig á hvar áhugasvið þeirra liggja.
- Stuðningur og ráðgjöf vegna erfiðleika í námi eða utan þess.
- Hjálpa nemendum að leita sér aðstoðar jafnt innan sem utan skóla.
- Sinna fyrirbyggjandi starfi með fræðslu í minni og stærri hópum.

Námsráðgjafi er bundinn þagnarskyldu um einkamál nemenda, að undanskyldum ákvæðum í lögum um barnavernd nr. 80/2002.

#### HAGNÝTAR UPPLÝSINGAR

##### MATUR OG NESTI

Foreldrum er boðið upp á að kaupa heitan, næringarríkan hádegisverð í skólanum fyrir börn sín. Þeir foreldrar sem þess óska geta skráð börn sín í mat á Matartorgi, [matartorg.is](http://matartorg.is) eða haft samband við ritara skólans. Nemendum gefst einnig kostur á að kaupa ávexti og mjólk í áskrift til að neyta í nestistímum. Foreldrar þurfa að skrá nemendur í þá þjónustu hjá ritara eða á Matartorgi.

##### FRÍSTUND

Að lokinni kennslu gefst nemendum 1. – 4. bekkjar kostur á að vera í Frístund frá skólalokum til kl. 16:15.

Þar geta börnin leikið, verið úti, lesið, hvílt sig og margt fleira. Frístund er opin alla daga sem skólinn starfar og auk þess í fríum á starfstíma skólans og flestum starfsdögum. Foreldrar greiða fyrir vistun nemenda í frístund samkvæmt gjaldskrá. Viðmiðunarreglur fyrir frístund, gjaldskrá og fleiri upplýsingar er að finna á heimasíðu skólans. Umsjónarmaður frístundar er Sigrún Hlíf Gunnarsdóttir.

##### SKÓLATÍMI

Skólahúsið er opnað kl. 7:45 að morgni og kennsla hefst kl. 8:10.

##### LEYFI

Umsjónarkennarar og ritari geta veitt leyfi í einn til tvo daga. Leyfi í þrjú daga eða lengur skal sækja um til skólastjóra sem veitir leyfið í samráði við umsjónarkennara. Athygli skal vakin á því að skv. 15. gr. grunnskólalaga frá 2008 er öll röskun á námi sem hlýst af leyfum frá skóla á ábyrgð foreldra eða forráðamanna. Þar segir um tímabundna undanþágu barns frá skólagöngu: „Forráðamaður skal sjá til þess að nemandinn vinni upp það sem hann kann að missa úr námi á meðan á undanþágu stendur.“



Óski foreldri eftir leyfi fyrir barn sitt frá skóla lengur en í tvo daga þarf að fylla út rafræna leyfisbeiðni á heimasíðu skólans sem sendist sjálfkrafa til skólastjóra. Skólastjóri svarar leyfisbeiðni í tölvupósti og ritari skráir leyfið í Mentor.

FORFÖLL NEMENDA

Forföll nemenda þarf að tilkynna strax að morgni með því að hringja í skólann. Einnig má skrá veikindi barna á fjölskylduvef Mentor. Hringt er heim til nemenda ef forföll eru ekki tilkynnt.

ÚTIVIST - FRÍMÍNÚTUR

Nemendur í 1. – 7. bekk fara út í kennsluhléum. Nemendur í 8.-10. bekk hafa val um hvort þeir dvelji úti eða inni í frítíma sínum. Nemendur þurfa að koma klæddir eftir veðri á hverjum degi. Útivistin er hugsuð sem frjáls tími fyrir nemendur, þar sem þeim gefst tækifæri til að leika sér saman og fá holla hreyfingu.

SKÓLAREGLUR

Hér má sjá þær reglur sem gilda um öll svæði skólans auk þeirra sem gilda um hjól og síma.

- [Skólareglur Oddeyrarskóla](#)
- [Símareglur](#) og viðurlög við brotum á þeim
- [Hjólareglur](#) skólans

Förum eftir fyrirmælum – Verum stundvís – Höfum hendur og fætur hjá okkur – Verum kurteis og tillitsöm								
	Skólalóð	Förstofur og gangar	Starfsmannasvæði	Kennslustofur salur, sundlaug, frístund	Matsalur	Búningsklefar og snyrtingar	Skólabíll	Vettvangsferðir og gestakomur
Ábyrgð	Göngum vel um eigin eitur og annarra og skilum öllu á sinn stað - skiljum sælgæti, gos og tyggjó eftir heima - setjum rusl í ruslafötur							
	Verum á skólalóðinni í frímínúturnum Geymum hjól í hjólagrindum	Setjum skó í skóhillur. Burstum snjó af okkur úti. Hengjum fót á snaga	Stoppum á rauða gölfúðuknum.	Geymum leikföng, tónlistartæki og síma á sínum stað. Fáum leyfi til að ganga um áhalda og gagnageymslur.	Göngum frá mataráhöldum á sinn stað.	Sturtum niður úr salerni, þvolum og þurrkum hendur. Förum í röð/bíðum þar sem þess er óskað.	Sönnum belkin. Förum í röð/bíðum þar sem þess er óskað.	Fylgjum hópnum. Við gestakomur sitjum við kyrr, snúum fram og réttum upp hönd.
Virðing	Tölum hjóðlega - göngum rólega um							
	Förum vel með gróður, leiktæki, leikföng og girðingar Fylgjum reglum um vaðlauchlutun		Biðjum um aðstoð og notum bjölluna ef enginn er við.	Réttum upp hönd ef aðstoð vantar.	Notum borðsiði.	Notum pappír og sápu sparlega.		
Vinátta	Verum hjálpsöm og vingjarnleg - virðum ólíka einstaklinga							
	Vinnum saman - leikum saman			Vinum saman. Okkur er sama hjá hverjum við sitjum	Okkur er sama hjá hverjum við sitjum		Okkur er sama hjá hverjum við sitjum.	Okkur er sama hjá hverjum við sitjum.

VIÐBRÖÐ AKUREYRARBÆJAR VIÐ ÓFULLNÆGJANDI SKÓLASÓKN NEMENDA

Í Oddeyrarskóla eru fjarvistir og óstundvísi skráðar í Mentor og þar safnast upp punktar sem segja til um ástundun nemandans. Í sameiginlegum verklagsreglum grunnskólanna á Akureyri er kafli um skólasókn þar ástundun koma fram eftirfarandi upplýsingar:

Nemandi byrjar með ástundunareinkunnina 10 við upphaf skólaárs en hún lækkar síðan sem hér segir ef punktar safnast:





Punktur	Einkunn	Punktur	Einkunn
0-2	<b>10</b>	19-20	<b>5,5</b>
3-4	<b>9,5</b>	21-22	<b>5,0</b>
5-6	<b>9,0</b>	23-24	<b>4,5</b>
7-8	<b>8,5</b>	25-26	<b>4,0</b>
9-10	<b>8,0</b>	27-28	<b>3,5</b>
11-12	<b>7,5</b>	29-30	<b>3,0</b>
13-14	<b>7,0</b>	31-32	<b>2,5</b>
15-16	<b>6,5</b>	33-34	<b>2,0</b>
17-18	<b>6,0</b>	35-36	<b>1,5</b>
		37 og fleiri	<b>1,0</b>

**Hækkun á ástundunareinkunn (valkostur fyrir skóla)**  
 Nemendur geta með samþykki foreldra, sótt um hækkun á ástundunareinkunn til umsjónarkennara /skólastjórnenda.

- Umsjónarkennari upplýsir nemanda /foreldra vikulega um punktastöðu þeirra með því að senda ástundun til foreldra í gegnum Mentor.is/Namfus.is. Ef nemandi/foreldri gera ekki strax athugasemdir við ástundunarfærsluna skoðast hún samþykkt.
- Ef nemandi er kominn með 10 punkta eða einkunnina 8 ræðir umsjónarkennari við nemandann og gerir athugasemd þegar ástundun er send heim. Kennari leitar orsaka fyrir vanda nemandans, hvetur hann til þess að bæta sig og gefur honum tækifæri til að tjá skoðanir sínar í málum sem hann varða og skal tekið réttmætt tillit til þeirra.
- Ef nemandi er kominn með 12 punkta eða einkunnina 7,5 er hringt í foreldra/forráðamenn og þeir upplýstir og lausna leitað.
- Ef nemandi er kominn með 16 punkta eða einkunnina 6,5 eru foreldrar boðaðir til fundar með umsjónarkennara og stjórnanda þar sem í sameiningu er leitað að leiðum til úrbóta og gert samkomulag sem allir aðilar undirrita.
- Ef nemandi fær 18 punkta og er kominn með einkunnina 6 er málinu vísað til stjórnenda og í nemendaverndarráð skólans sem tekur ákvörðun um frekari úrræði. Niðurstaða skráð í Mentor/Námfús. Meðal mögulegra úrræða nemendaverndarráðs er að óska eftir aðstoð fræðslu og/eða fjölskyldusviðs. Hafi staða nemandans ekki batnað eftir fjórar vikur frá því að nemendaverndarráð tók málið til umfjöllunar skal boðað til annars fundar þar sem farið er yfir málið og metið hvort það eigi að tilkynna það til barnaverndar.

**Um veikindi eða fjarvistir sem ekki eiga sér augljósar skýringar (læknisvottorð eða aðrar upplýsingar sem fyrir liggja):**

- Umsjónarkennari / skólahjúkrunarfræðingur kallar eftir læknisvottorði fari veikindi fram yfir 10 daga samfellt.
- Umsjónarkennari vísar máli nemenda til nemendaverndarráðs fari veikindin yfir 15 daga á önn. Þar er metið til hvaða aðgerða skuli grípa og niðurstaðan skráð. Ef nemandi hefur sögu um veikindi í hverri viku skal fundað með forráðamönnum, umsjónarkennara og stjórnanda og farið yfir stöðuna og næstu skref ákveðin.
- Haldi ítrekuð veikindi áfram og viðunandi skýringar fást ekki skal nemendaverndarráð taka ákvörðun um hvort málinu verði vísað áfram til HSN og/eða tilkynnt til barnaverndar.



### Leyfi nemanda í lengri tíma s.s. vegna æfinga eða ferðalaga.

- Lengri leyfi nemanda þarf að vera skriflegt og taka þarf fram ábyrgð foreldra á námi barnsins.
- Ef leyfi er lengur en í fjórar vikur þurfa foreldrar/forráðamenn að skila inn skriflegri námsáætlun eða staðfestingu á skólavist í öðrum skóla.

### FLOKKUN SORPS

Stefnumið varðandi umhverfismál:

- Allur úrgangur sem til fellur í skólanum er flokkaður eins og kostur er. Úrgangi er skilað til endurvinnslu og jarðgerðar eins og framast er unnt, sem allra minnst skal fara til urðunar.
- Við göngum vel um bæði úti og inni.

### RÝMINGARÁÆTLUN VEGNA ELDS

#### **Þegar neyðarhringing heyrst verða ALLIR að bregðast við eins og um bruna sé að ræða.**

Í öllum kennslustofum Oddeyrarskóla hanga leiðbeiningar með teikningum af útgönguleiðum, nafnalistar og rauð og græn spjöld.

*Börn hafa tilhneigingu til að fela sig í bruna og því þarf að leita gaumgæfilega að þeim á öllum hugsanlegum stöðum, s.s. í skotum og undir hlutum. Ekki má tefja björgunarstarf vegna björgunar á hlutum eða með því að klæða nemendur í, t.d. skófatnað.*

#### **Ábyrgð:**

- Húsvörður sér um að sýna nýjum starfsmönnum slökkvitæki, brunaboða og útgönguleiðir.
- Húsvörður gætir þess að allar útgönguleiðir séu alltaf færar.
- Húsvörður ber ábyrgð á að slökkvitæki séu yfirfarin á hverju ári.
- Allir starfsmenn bera ábyrgð á að kynna sér rýmingaráætlun skólans og taka virkan þátt á æfingum.
- Allir starfsmenn bera jafna ábyrgð á að rýma húsnæðið.
- Allir starfsmenn bera ábyrgð á að yfirgefa húsnæðið sjálfir þegar rýma þarf. Starfsmenn hugi að sínu næsta samstarfsfólki og láti vita ef það saknar þess.
- Kennari sem kennir hópi ber ábyrgð á honum þar til hættuástandi er aflýst.
- Skólastjóri sér um að haldin sé rýmingaráætlun á hverju skólaári, þá sé rýmingaráætlun yfirfarin og kynnt.

#### **Aðgerðir**

1. Viðvörðunarkerfið fer í gang:
  - Húsvörður og skólastjóri/staðgengill skoða stjórnstöð kerfisins, slökkva á bjöllumni og kanna hvaðan boðin koma, fara þangað og athuga hvort um raunverulegan eld sé að ræða. Allir fara í viðbragðsstöðu.
    - Kennarar undirbúa bekkir fyrir útgöngu. Nemendur raða sér í röð.
    - Skólaliðar fara á sín svæði (ef þeir eru ekki þar fyrir)
  - Ef um falsboð er að ræða er það tilkynnt til Öryggismiðstöðvarinnar í síma 530 2400.
  - Ef um **hættuástand** er að ræða fara hljóðgjafar aftur í gang.
    - Skólastjóri/ritari hefur samband við neyðarlínu í síma 112, tilkynnt er um hættu og beðið um rútur fyrir nemendur.
2. Viðvörðunarkerfið fer aftur í gang :



- Skólinn rýmdur samkvæmt áætlun. Öll svæði rýmd. Útgönguleið könnuð, byrjað á að athuga hvort hurðin sé heit eða hvort reykur sé. Kennari tekur nafnakall. Nemendur ganga hljóðlega út í einfaldri röð, kennari fer síðastur með mætingalistann og lokar dyrunum, læsir ekki.
- Þeir kennarar sem yfirgefa efsta- og miðgang síðastir rýma snyrtingarnar á þeim hæðum áður en þeir fara niður. Þeir loka dyrum, læsa ekki.
- Skólaliðar rýma snyrtingar á neðstu hæð og loka dyrum þar inn, læsa ekki. Ef nemendur eru á snyrtingu fylgir skólaliði þeim út um næstu útidyr og til sinnar bekkjardeildar.
  - Skólaliðar á austurgangi rýma snyrtingar að heimilisfræðistofu
  - Skólaliðar á vesturgangi rýma snyrtingar við Frístund, matsal og svæðið undir stiga.
  - Skólaliðar við íþróttahús rýma búningsklefa og snyrtingar á íþróttagangi.
- Skólaliðar verða staðsettir fyrir framan útganga eftir rýmingu og varna því að farið sé inn í skólann. Beðið eftir tilkynningu frá skólastjórnendum um næstu skref.
- Nemendur fara á sinn stað á gervigrasvelli.
  - 1. bekkur syðst (næst skólanum) og 10. bekkur nyrst (næst Grenivöllum). Aðrir bekkir raða sér þar á milli í réttri röð.
- Þar taka kennarar manntal aftur og lyfta upp viðeigandi spjaldi, grænu spjaldi ef allir eru mættir og rauðu spjaldi ef nemandi vantar í hópinn.
- Ritari tekur með sér nafnalista bekkja og tekur mynd af fjarvistatöflu. Hann fer strax til kennara sem lyfta rauðu spjaldi og ber saman veikindalista og nemendur sem vantar. Ef ritari er ekki við er þetta hlutverk deildarstjóra.
- Starfsfólk sem statt er annars staðar í skólahúsinu fer stystu leið út og aðstoðar við að koma nemendum í raðir og að halda hurðum opnum ef þarf. Allir aðrir aðstoða við að halda nemendum á sínum stað.
- Húsvörður, ritari og skólastjórnendur eru staðsettir við norður- og suðuranddyri skólans.
- Þegar björgunaraðilar koma á staðinn gefa stjórnendur/húsvörður varðstjóra upplýsingar um stöðu mála.
- Ef um eld er að ræða og tryggt þykir að hver hópur sé fullskipaður má hann ganga í rútu í skjól.
- Stjórnendur/björgunarfólk aflýsa hættuástandi úti með því að veifa höndum eftir að ákvörðun hefur verið tekin um það.

#### **Ef eldur kemur upp þegar nemendur eru í frímínútum:**

- Þeir sem eru á útivakt safna nemendum saman á gervigrasvöllinn, raðað eftir bekkjum.
- Skólaliðar og aðrir kennarar en umsjónarkennarar fara í allar stofur og snyrtingar og ganga úr skugga um að enginn nemandi sé inni.
- Séu nemendur inni fylgja starfsmenn þeim út um næstu útgöngudyr og loka stofunum, læsa ekki.
- Aðrir sem eru í skólahúsnæðinu fara stystu leið út og aðstoða þegar út er komið. Umsjónarkennarar finna sinn hóp og eru með þeim á gervigrasvelli.

VIÐBRÖGÐ VIÐ VÁ

[Viðbrögð vegna heimsfaraldurs inflúensu](#)

[Viðbrögð vegna óveðurs](#)

[Viðbrögð vegna gosmengunar](#)